



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



Fimmtudagur
10. maí 2012
19. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600




Pöntun,
uppsetning
og þjónusta
á bílskúrs-
og iðnaðar-
hurðum

Steinsögun

Áratuga
reynsla

Jakob Jónsson
sími: 895 4678

Nútímafræðingur í skúrinni



„Ég hef safnað málböndum í 2-3 ár. Þetta fer að nálgast hundrað málbönd. Þetta byrjaði bara á því að maður fann aldrei neitt helvítis málbönd þegar maður þurfti á því að halda,“ segir Sigurður Hafberg, nútímafræðingur á Flateyri. Á miðopnu í dag talar hann um ljóð, skák, þorpið og síðastliðin tíu þúsund ár.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi



Fyrirmyndarsamstarf HSV og Ísafjarðarbæjar

Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) og Ísafjarðarbær hafa frá árinu 2006 unnið markvisst eftir samningi sem stuðlar að frekara samstarfi milli sambandsins og sveitarfélagsins. Að sögn Jóns Páls Hreinssonar, formanns HSV, er samningurinn einsdæmi á Íslandi, en hann stuðlar að ríkari skilvirkni og gagnsæi í samskiptum HSV við Ísafjarðarbæ.

„Héraðssambandið sinnir öllum samskiptum bæjarins við íþróttafélögin og öflugt. Við erum sífellt að bæta við samninginn og gera hann betri. Nú er þar að finna ákvæði um forvarnarstefnu, jafnréttis-

stefnu, upplýsingaráðgjöf, íþróttaskóla, þjálfaramál og fleira. Ég veit ekki til þess að neitt annað héraðssamband eigi í eins góðum samskiptum við sitt sveitarfélag,“ segir Jón Páll.

Samningurinn var kynntur á formannafundi ÍSÍ síðastliðið haust og varð Jón var mikinn áhuga frá formönnum annarra sambanda um eðli samstarfsins.

„Fólk hefur mikinn áhuga á að nota samninginn sem fyrirmynd að hliðstæðum samningum sem önnur héraðssambönd geta gert við sín sveitarfélög,“ segir Jón Páll, og bætir því við

að verkefni sem HSV sinnir fyrir Ísafjarðarbæ séu margvísleg. „Við höfum nýlega gert verkefnasamning við Ísafjarðarbæ, en við sjáum um að taka að okkur ýmis verkefni fyrir bæinn og úthluta þeim til aðildarfélaga okkar. Fyrir þetta greiðir Ísafjarðarbær.“

Jón Páll segir að merkilegast við samninginn sé það að HSV sé nú búð að ramma inn starfsemi sína og samskipti við Ísafjarðarbæ. Það auki gagnsæi og öll aðildarfélög geti fullvissað sig um að öll spil séu uppi á borðunum hverju sinni.

gudmundur@bb.is



Vesturbyggð

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Bíldudalshöfn, vegna Harnarteigs 4, Vesturbyggð.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti þann 28. mars 2012 breytingu á deiliskipulagi við Bíldudalshöfn.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóðin Hafnarteigur 4 verður stækkuð til norðurs og byggingareitur stækkaður vegna nýs þurrkara-húss og húss fyrir forþurrkun hráefnis og mótun hráefnis til beggja þurrkara. Lóðarmörkum Hafnarteigs 1 og Strandgötu 2 verður breytt og gata sem var fyrirhuguð milli lóðanna verður felld niður.

Breytingin var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 12. janúar til 2. mars 2012. Fjórar athugasemdir bárust og hafa umsagnir sveitarstjórnar um þær verið sendar þeim sem þær gerðu.

Sveitarstjórn samþykkti deiliskipulagið. Skipulagsstofnun fór yfir deiliskipulagið og gerði ekki athugasemdir við það.

Þeir sem óska frekari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar

Bæjarstjóri Vesturbyggðar



Vesturbyggð

Auglýsing um veitingu framkvæmdaleyfis í sveitafélaginu Vesturbyggð.

Þverun Kjálkafjarðar og lagning nýs vegarkafila á Vestfjarðavegi (60) í Kjálkafirði.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 28. mars sl. umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir nýjum vegkafla Vestfjarðavegar (60), eins og honum er lýst í framkvæmdaleyfis-umsókn og matsskýrslu Vegagerðarinnar. Bæjarstjórn hefur tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Vesturbyggðar 2006 - 2018 og deiliskipulag vegarins. Framkvæmdaleyfið er bundið ákveðnum skilmálum, sem byggja á matsskýrslu Vegagerðarinnar, áliti Skipulagsstofnunar og skipulagsáætlunum Vesturbyggðar.

Matsskýrsla Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, dags. 5.12.2011, eru aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar, www.skiplagsstofnun.is.

Framkvæmdaleyfi bæjarstjórnar Vesturbyggðar er kæránlegt til úrskurðanefndar umhverfis og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík. Kærufrestur er einn mánuður frá því að leyfið er auglýst.

Bæjarstjóri Vesturbyggðar

Heimavist MA og VMA á Akureyri



Umsóknarfrestur er til 8. júní 2012

Á heimavistinni er aðgengi fyrir hreyfihamlaða nemendur. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á heimasíðunni: www.heimavist.is

Hlökkum til að sjá ykkur í haust
Starfsfólk Heimavistar MA og VMA

Á heimavistinni búa um 330 framhaldsskólanemendur.
Heimavistin er gott og öruggt heimili þar sem vel er búð að íbúum.

Samkaup úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 10.- 13. maí

samkaupurval.is



Góð kaup!

1.358 kr/kg

Svínalæri, úrbeinað
úr kjötborði eða pakkað ferskt



34% afsláttur

1.795

Svínakótelettur **1.185** kr/kg

frá Kjötseli



Góð kaup!

694 kr/kg

Svínahakk

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Piri Piri - kjúklingur
á grillið!
...sjá uppskrift
á samkaupurval.is



Ódýrt

197 kr/pk

Kúskús 500g
frá Coop



30% afsláttur

1.098

Heill, ferskur kjúklingur **769** kr/kg

frá Ísfugli



Góð kaup!

1.399 kr/kg

Svínasnitsel í raspi
úr kjötborði eða pakkað ferskt

Perumauk (chutney)
með engiferi, sinnepsfræjum
og cayennepipar

- 2 kg perur, afhýddar og kjarnhreinsaðar
- 2 1/2 bolli púðursykur • 2 bollar edik
 - 1 1/2 bolli rúsínur
 - 1/2 bolli saxaður laukur
 - 1/2 bolli söxuð engiferótt
- 2 msk sinnepsfræ, marin • 1 msk salt
 - 3 saxaðir hvítlauksgeirar
 - 1/2 msk cayennepipar

Setjið allt í pott og hitið við meðalhita, látið suðuna koma upp, hrærið vel. Lækkið hitann og eldið þar til blandan er orðin þykk, í 40-50 mín. hrærið af og til. Hellið maukinu í sóttthreinsaðar, heitar krukkur og lokið.



50% afsláttur

279

Perur **140** kr/kg

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir á samkaupurval.is



Flutningabílar og flugfreyjuhrynjandi

Ísfirðingurinn Brynja Huld Óskarsdóttir er nýr fréttaritari RÚV á Ísafirði og verður á þeytingi um Vestfirði í sumar. Blaðamaður BB spjallaði við hana og fékk að heyra af námi hennar í Háskólanum, málfarsráðunauti RÚV og því þegar hún keyrði flutningabíl.

Viskírödd

„Ég fékk að vita í lok febrúar að ég væri komin með vinnu sem fréttaritari á RÚV og fór þá í hefðbundna þjálfun í framhaldinu. Áður hafði ég farið í nokkrar prufur. En það er náttúrulega mikið af tæknilegum atriðum í kringum þetta starf og svo þarf maður að koma sér upp öguðum vinnubrögðum og þjálfu fréttanefið,“ segir Brynja Huld.

„Ég hitti líka málfarsráðunaut

RÚV og hún sagði mér að ég yrði að losa mig við flugfreyjuhrynjandi þegar ég væri að lesa. Hún hélt líka fyrst að ég væri of djúprödduð en sagði svo að ég rétt slyppi. Væri bara með flotta viskírödd. Engu að síður er ég búin að vera í talþjálfun til að verða skýrmæltari og ná betri tókum á fréttalestri.“

Aðspurð segir Brynja Huld RÚV vera skemmtilegan vinnustað.

„Já, mjög. Það er mikið af metnaðargjörmu, kláru og skemmtilegu fólki sem vinnur þar. Það er vel tekið á móti manni og ég fékk að vera með í vinnstaða-húmmornum alveg strax frá fyrsta degi. Á fréttadeildinni eru fréttafundir þrisvar á dag, kortér í níu, kortér yfir eitt og svo aftur eftir kvöldfréttir. Á þessum fundum er fréttum úthlutað og fólk stillir

sig saman.“

- Er þá ekkert einmanalegt að vera komin vestur?

„Nei, alls ekki. Og ég var mjög öfunduð á því á fréttadeildinni þegar ég var í þjálfun að vera á leiðinni út á land. Enda fær maður að vera stöðugt á ferðinni og nýtur sumarsins. Að auki er ég að vinna með Jóa tókumanni sem er frábær vinnufélagi.“

- Er þér uppálagt að skila ákveðið mörgum fréttum af Vestfjörðum á viku eða hefurðu frjálssar hendur?

„Þetta er hundrað prósent starf og afköstin verða því að vera í samræmi við það. Hinsvegar hef ég nokkuð frjálssar hendur í efnistöku. Og ég ætla auðvitað að vera dugleg að dæla inn fréttum af svæðinu. Mig langar líka til að gera útvarpspistla þegar líður á sumarið. Yfirleitt eru fréttir ekki

nema rétt rúm mínúta. Maður fær meira tíma í pistlum og getur því kafað ofan í hlutina.“

Skapandi skrif

Brynja Huld leggur stund á heimspeki og ritlist í Háskóla Íslands. „Ég hugsaði þetta nú aðallega út frá bókmenntum og skriftum þegar ég valdi mér þessi fög. En nú nýtast þau mér ágætlega í vinnunni fyrir RÚV. Annars eru þetta skemmtilegar greinar og röklesturinn sem maður þarf að tileinka sér í heimspökinni er mjög gagnlegur.“

Áður en Brynja Huld hóf störf fyrir RÚV starfaði hún meðal annars sem flutningabílstjóri.

„Já, ég var alltaf að vinna fyrir Póls en sumarið 2006 lokuðu þeir og í framhaldinu vantaði mig vinnu og réði mig sem aðstoðar-

konu á holræsabíl hjá Gámaþjónustunni. Ég viðurkenni að ég hafði ekki mikla matarlyst það sumarið. En þetta sumar sá ég auglýsingu fyrir meiraprófsnámskeið og skellti mér á það eftir hvatningu frá stjúpabba mínum. Næsta sumar fékk ég svo vinnu sem vörubílstjóri hjá Gámaþjónustunni en síðan hef ég unnið nokkur sumur sem flutningabílstjóri hjá Samskip á Ísafirði. Enda er mjög gaman að keyra flutningabíl,“ segir Brynja Huld.

- Hvað tekur við eftir sumarið?

„Ráðningin er út ágúst og ég er enn að velta fyrir mér hvað ég geri þá. Hugsanlega fer ég út í skiptináms og næ mér í nýtt tungumál. Hugsanlega býðst mér einhver meiri vinna fyrir RÚV. Það kemur bara í ljós,“ segir Brynja Huld að lokum.

– Huldur Breiðfjörð.



Sæktu um lykil núna á ob.is

Afsláttur allan hringinn

með ÓB-lyklinum



1. Séráfslættir (-10 kr. í fyrsta skipti, -10 kr. á afmældaginn og -15 kr. í 10. hvert skipti) koma ekki til viðbótar við aðra afslætti eða önnur viðskiptakjör. Nánar á ob.is.
2. Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf lykillinn að vera tengdur við Visa eða American Express Vildarkort Icelandair. Einnig er hægt að tengja lykilinn Viðskiptakorti Olis og safna Vildarpunktum. Punktasöfnun er 1,5% af upphæð, sem gerir um 4 kr. í formi Vildarpunkta Icelandair.





Grunnskólinn Ísafirði.

Söfnunaráttak vegna bókasafns GÍ

Hvatningaráttak til að styrkja bókakost bókasafns Grunnskólans á Ísafirði stendur til 14. maí. Bókasafnið er fjárfvelt, eins og víða annars staðar, og munar um hverja bók sem það fær. Fyrir utan nýjar bækur eru notaðar bækur vel þegnar.

Foreldrafélag GÍ stendur fyrir áttakinu og hefur fengið til liðs

við sig Pennann-Eymundsson, sem mun halda utan um þær bækur sem keyptar eru.

Sams konar áttak var gert fyrir tveimur árum og þá söfnuðust 50 bækur af ýmsum toga. Betur má ef duga skal til að ná sama árangri að þessu sinni, en að sögn forráðamanna foreldrafélagsins fór áttakið hægt af stað. gudmundur@bb.is



Alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarbyggðir

Minni skatttekjur vegna minni arðsemi, samdráttur í framkvæmdum á vegum fyrirtækja, minni kaup á þjónustu og aukin hætta á gjaldþrotum eru dæmi um þau beinu áhrif sem sjávarbyggðir verða fyrir, verði frumvarp um stjórn fiskveiða að lögum. Þetta kemur fram í skýrslu Daða Mús Kristóferssonar dósents og Stefán B. Gunnlaugssonar lektors, sem

eru meðal álitsgjafa atvinnuveganefndar Alþingis vegna frumvarps um stjórn fiskveiða.

Í fyrstu grein frumvarpsins er tekið fram að því sé ætlað „að stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmunum komandi kynslóða að leiðarljósi“ og „að treysta atvinnu og byggð í landinu.“ Að mati Daða og Stefáns mun frumvarpið þvert á móti hafa alvarlegar afleiðingar

fyrir byggðapróun í landinu, verði það að veruleika, einkum vegna álagningar veiðigjalda.

Samkvæmt þeim tölum sem útreikningar Daða og Stefáns gera ráð fyrir munu útgerðir í Bolungarvík greiða 436 milljónir í veiðigjald, útgerðir á Ísafirði 366 milljónir, á Patreksfirði 175 milljónir, í Hnífsdal 183 milljónir og á Þingeyri 136 milljónir.

Niðurgreiðslur til dagforeldra hækkaðar?

Lagt er til að niðurgreiðslur Ísafjarðarbæjar til dagforeldra verði hækkaðar vegna barna eldri en 15 mánaða, sem eru í daggæslu í heimahúsi. Fræðslunefnd vill að skoðaður verði möguleikinn á því að auka í 80 þúsund krónur niðurgreiðslu til dagforeldra með börnum sem eru orðin 18 mán-

aða og eru á biðlista eftir leikskólapláss en hafa ekki fengið pláss. Hafni forráðamaður leikskólapláss falli viðbótarniðurgreiðslan niður.

Einnig mætti skoða möguleikann á því að hækka niðurgreiðslu vegna barna eldri en 15 mánaða um 50%.

Spurningin

Ert þú sátt/sáttur við niðurstöður biskupskjörsins?

Alls svöruðu 762.

Mjög sátt/ur sögðu 511 eða 67%

Frekar sátt/ur sögðu 49 eða 7%

Hlutlaus sögðu 169 eða 22%

Frekar ósátt/ur sögðu 8 eða 1%

Mjög ósátt/ur sögðu 25 eða 3%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðvestan 3-10 m/s með vætu, en bjartviðri norðaustan- og austanlands. Hiti 5 til 12 stig **Horfur á laugardag:** Sunnan- og suðaustan 8-13 m/s og rigning, einkum á sunnanverðu landinu. Hiti breytist lítið. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir að gangi í hvassa norðaustanátt. Rigning eða slydda og síðar snjócoma, en stöku skúrir sunnanlands. Kólnanadi veður.

Ritstjórnargrein

Lyftistöng

Umskipunarhöfn gæti orðið gríðarleg lyftistöng fyrir Ísland: Fyrirsögn á viðtali við Gylfa Sigfússon, forstjóra Eimskips, í Morgunblaðinu 12. jan. s.l., um möguleika sem gætu skapast við siglingar á norðurslóðum. Þótt langt kunni að vera í land er ljóst að hér verður um stórvirki að ræða, sem slegist verður um þegar þar að kemur.

Úlfar Ágústsson, kaupmaður á Ísafirði, vakti fyrir löngu athygli á þeim möguleikum sem opnast gætu Vestfirðingum með staðsetningu umskipunarhafnar á Vestfjörðum í tengslum við siglingar um norðurslóðir. Úlfar taldi eðlilegt að Vestfirðingar fengu aðild að starfshópi, sem utanríkisráðherra skipaði 2004, varðandi málið. Einhverra hluta vegna voru Vestfirðingar settir hjá. Þegar starfshópurinn skilaði skýrslu í febr. 2005: „Fyrir stafni haf-tækifæri tengd siglingum á norðurslóðum“ voru tilgreindir þrjár staðir: Eyjafjörður, Austurland, Hvalfjörður. Ekki minnst á Vestfirði einu orði þótt landshlutinn liggi landfræðilega vel við hugsanlegri siglingaleið.

Þór Jakobsson, veðurfræðingur, einn nefndarmanna, kvað nefndina ekki hafa verið ætlað það hlutverk að vega og meta hugsanlega staði fyrir umskipunarhöfn, heldur fyrst og fremst að gera úttekt á þeim möguleikum sem felast í þeim flutningum sem gætu hafist með opnun siglingaleiðarinnar; fleiri staðir en þeir sem tilgreindir voru í skýrslunni komi því til greina, þar með taldir firðir á Vestfjörðum, að hans mati.

Fyrri hluta árs 2007 gekkst utanríkisráðuneytið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á Akureyri um þróun siglinaleiða á norðurslóðum, undir heitinu Breaking the Ice – eða Ísinn brotinn. Borgarafundur á Akureyri og í Reykjavík fylgdu í kjölfarið. Einhæf vinnubrögð, mætti segja. Umskipunarhöfn verður dýrt mannvirki. Í skýrslunni frá 2005 er byggingarkostnaður hafnarinnar áætlaður 15 milljarðar króna, auk kostnaðar við kaup á landi. Ljóst er því að eftir miklu er að sækjast. Ef til vill er þarna komin skýringin á því að Vestfirðingum var haldið frá nefndinni? Eiga þeir áfram að láta sér nægja molana sem til falla eftir stóriðjuveislur í öðrum landshlutum?

Íslendingar þurfa að komast út úr byggðapólitíkinni og finna hagnæmstu staðsetninguna fyrir umskipunarhöfn, sagði í millifyrirsögn viðtalsins við forstjóra Eimskips. Hvað felst í þessum orðum? Að málið sé nú þegar afgreitt, bak við tjöldin? Barnaskapur sé af Vestfirðingum að láta sér heimabyggð til hugar koma í þessu sambandi? Hvað með Dýrafjörðinn? Var ekki talið nægilegt rými þar fyrir olúhrensunarstöð? Varla gerast flutningaskipin plássfreakari en olúskipin!

Þingmönnum kjördæmisins og sveitarstjórnnum ber að fylgjast með framvindu þessa mikilvæga máls, sem er ígildi stóriðju fyrir Vestfirðinga. Gefum það ekki þegjandi upp á bátinn!

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, gudmundur@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Abyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Starfsemi á árinu 2011

(Allar fjárhæðir í milljónum kr.)

LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Efnahagsreikningur: 31.12.2011 31.12.2010

| | | |
|---------------------------------|--------|--------|
| Fasteignir | 32 | 32 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 11.348 | 10.967 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 15.394 | 15.328 |
| Veðlán | 588 | 563 |
| Bundin innlán | 222 | 0 |
| Kröfur | 621 | 616 |
| Aðrar eignir | 178 | 344 |
| Skuldir | -212 | -1.189 |

Hrein eign til greiðslu lífeyris 28.171 26.661

Breytingar á hreinni eign 2011 2010

| | | |
|--------------------------------|-------|-------|
| Iðgjöld | 1.100 | 1.051 |
| Lífeyrir | -839 | -793 |
| Fjárfestingartekjur | 1.383 | 1.358 |
| Fjárfestingargjöld | -30 | -23 |
| Rekstrarkostnaður | -81 | -76 |
| Skattur á hreina eign sjóðsins | -23 | 0 |

Hækkun á hreinni eign á árinu 1.510 1.517

Hrein eign frá fyrra ári 26.661 25.144

Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris 28.171 26.661

Kennitölur 2011 2010

| | | |
|--|-------|-------|
| Nafnávöxtun | 5,2% | 5,2% |
| Raunávöxtun | -0,1% | 2,6% |
| Vísitöluhækkun | 5,3% | 2,6% |
| Eignir umfram heildar skuldbindingar % | -9,2% | -8,2% |
| Eignir í ísl. kr. % | 72,9% | 69,0% |
| Eignir í erl. gjaldmiðlum % | 27,1% | 31,0% |
| Fjöldi greiðandi sjóðfélaga | 3362 | 3371 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 1765 | 1483 |

Afkoma

Nafnávöxtun sjóðsins 2011 var 5,2% sem jafngildir -0,1% raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins sl. 10 ár er 0,8%. Raunávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu var -15,1%, erlendra verðbréfa -7,6%, veðskuldabréfa 5,6%, markaðsbréfa fyrirtækja -1,5%, skuldabréfa sveitarfélaga 5,6% og ríkisskuldabréfa 5,2%.

Séreign

Árið 2011 einkenndist af útgreiðslum úr séreignardeild vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóði þar sem sjóðfélögum yngri en 60 ára var heimilað að taka allt að 6 millj. kr. út af séreign á 2 árum. Greiddar voru úr séreign 25 milljónir kr. og þar af voru 16 milljónir kr. vegna lagabreytinganna. Eignir séreignardeildar eru í eignastýringu hjá Íslenskum Verðbréfum hf. og allar í virkri stýringu. Hrein eign séreignardeildar í árslok var 487 milljónir og hafði hækkað um 40 milljónir frá fyrra ári. Nafnávöxtun ársins var 11,8% sem jafngildir 5,1% raunávöxtun.

Tryggingarfræðileg staða

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laga um lífeyrissjóði setur.

Ársfundur 2012

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 24. maí nk. kl. 18.00 á Hótel Ísafirði. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og lífeyrisþegum með málfrelsi og tillögurétt. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum. Þátttaka staðfestist við skrifstofu sjóðsins í síðasta lagi 21. maí í síma 456-4233 eða með tölvupósti á afgr@lvest.is. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn sjóðsins

Kristján G. Jóhannsson, formaður
Áslaug Alfreðsdóttir

Finnbogi Sveinbjörnsson, varaformaður
Finnur Magnússon, ritari

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Guðrún K. Guðmannsdóttir



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA
Hafnarstræti 9
400 Ísafirði
Sími: 456-4233
www.lvest.is
afgr@lvest.is

Síðastliðin tíu þúsund

Sigurður Hafberg þykir einn skemmtilegasti Flateyringurinn sem nú er uppi. Og bílskúrin hans er af mörgum talinn næstbesti skemmtistaðurinn í þorpinu. Það var blaðamanni BB sérstök ánægja að setjast niður með þessum hressa lífskúnni til að ræða við hann um ljóð, skák, málbönd, óteljandi störf og nútímann.

Gyllir

„Ég er fæddur í Öndarfirði en foreldrar mínir fluttu hingað um 1950. Pabbi var vélstjóri og eitthvað til sjós. Hann rak svo verslun hér lengi vel sem hafði ekkert nafn, gekk bara undir nafninu Sjöppan. Áfi hafði byrjað með þessa verslun en pabbi tók svo við. Þarna var maður að afgreiða sem gutti. Við erum sex systkinin en öll hin eru flutt á Reykjavíkursvæðið, ef við gefum okkur að Grindavík og Þorlákshöfn falli undir það,“ segir Sigurður.

Ég kláraði grunnskólann hér en svo kom 7-8 ára hlé frá námi. Ég var síðan tvö ár í héraðsskólunum á Núpi á meðan ég var til sjós á togaranum Gylli og lærði bara um bord. Það var mikið teflt á þessum togara og við héldum oft skákmót þar sem kannski 12-13 manns tóku þátt. Árið 1984 fór ég svo til Akureyrar og kláraði stúdentsprófið. Þaðan lá leiðin til Reykjavíkur þar sem ég bjó í eitt ár og lærði útgerðartækni. Ég var búinn að vera lengi til sjós og hafði hugsað mér að starfa eitthvað áfram í kringum útgerð. Ég var því í tvö ár á Akureyri og eitt í Reykjavík. Mér líkaði nú mun betur á Akureyri en kannski bara af því að ég var að fást við skemmtilegri hluti þar.“

Næstum fluttur

Að loknu námi í útgerðartækni fór Sigurður aftur á sjó. „Þá fór ég á loðnuskipið Jón Finnsson og var þar í þrjú ár. Kom svo á Flateyri árið 1990 og stofnaði fiskverkunina Önfirðing ásamt Einari Harðarsyni. Við vorum í þessu í eitt ár og starfsemin snerist aðallega um að frysta fisk. En fljótlega keyptum við þrjár saman 26 tonna bát og gerðum hann út í þrjú ár. Við vorum á snurvoð á sumrin og þá var ég um bord en svo í landi á veturna og aðallega í því að beita. Við seldum bátinn árið 1994 og ég réð mig sem framkvæmdastjóra

sláturfélagsins Barðans á Þingeyri. Þar var ég í þrjú mánuði við að selja afurðirnar þeirra en réði mig þá sem framkvæmdastjóra hjá Þuríði í Bolungarvík. Það var útgerð og fiskvinnsla þar sem störfuðu um hundrað manns.“

- Hvernig var að vera kominn yfir hundrað manns? „Það var svolítið mikið en starfsfólkið var gott og þetta gekk ágætlega. Reyndar var reksturinn erfiður því það var enginn kvóti til. Þetta endaði svo haustið 1995 þegar fyrirtækið var selt,“ segir Sigurður.

„Reyndar var hún Tobba mín farin að skoða hús í Bolungarvík og við byrjuð að gera okkur líkleg til að flytjast þangað þegar skyndilega flóðið féll. Þá kom upp í manni sterk ábyrgðartilfinning en ég var í hreppsnefnd á þessum tíma. Maður eiginlega gat ekki hugsað sér að fara. Þetta haust vantaði svo mann í sundlauginna og ég réð mig þangað.“

Snjóflóðið

- Hvernig var að búa hér á Flateyri þessi fyrstu eftir flóðið?

„Þetta var náttúrlega erfiður tími. En þeir sem voru eftir voru staðráðnir í að byggja upp aftur og fengu til þess ýmsa hjálp frá ríkinu og allri þjóðinni. Það var ekki til í dæminu að gefast upp. Þegar maður lítur til baka í dag sér maður betur að mesti skellurinn, fyrir utan auðvitað hörmulegt mannfalið, var að það fluttu í burtu hundrað manns strax eftir flóð og komu ekki aftur. Fólk sem ýmist hafði lent í flóðinu eða misst ættingja og treystu sér ekki af skiljanlegum ástæðum til að vera hérna. En þessir brottflutningar voru auðvitað önnur og mikil blóðtaka. Á þessum tíma var næg atvinna hérna. Þá var Básafell í fullum rekstri með mörg skip og það í rauninni bráðvantaði mannskap,“ segir Sigurður.

„En auðvitað hafa alltaf verið miklar sveiflur í atvinnulífinu hérna. Annars skellur var til dæmis þegar skelfiskvinnslan fór og það misstu 30 manns vinnuna. En fólk hefur aldrei gefist upp. Alltaf hafa einhverjir verið tilbúnir að byrja aftur. Enda er hafnaraðstaðan hér fin og stutt á miðin.“

Kennarinn

Eftir fimm ár í sundlauginni gerðist Sigurður kennari. „Hvort ég vann ekki fyrst í hálf ár við

beitingu og svo á línu í hálf ár og allskonar lausamennsku. Allavega byrjaði ég að kenna árið 2003 í grunnskóla Öfundarfjarðar. Ég fékkst við kennslu í níu ár og byrjaði reyndar fljótlega í Kennaraháskólanum. Ég tók mér reyndar góðan tíma í það nám en kláraði það vorið 2011.“

- Þú hlýtur að hafa kunnað vel við þig sem kennari þar sem þú staldraðir óvenju lengi við í þetta skiptið, eða hvað? „Jú, ég hafði mjög gaman af að kenna börnum og hefði stoppað lengur hefði það boðist. En skólanni missti 26 kennslustundir á milli ára, heila stöðu, og ég var lausráðinn þar sem ég var ekki enn kominn með full réttindi. Í sömu mund og ég fékk þau var staðan bara ekki auglýst aftur og þar endaði það. Þá var bara að finna sér eitthvað annað.“

Sjálfur er Sigurður fróðleiksfús maður. „Já, ég held að ég sé búinn að taka fimm námskeið síðan í október. Fyrst tók ég lög-gildingu vigtarmanna en það er tengt starfinu sem ég er nú kominn í. Síðan tók ég Haccap-fiskvinnslunámskeið. Því næst tók ég vélstjórnarréttindi. Þar á eftir fylgdi lyftarapróf og núna er ég að klára smáskipanámið. Og svo stefni ég námskeið í trjáútskurði í apríl.“

- Kemurðu þá ekki með mér á sushi-námskeið hjá Fræðslumiðstöðinni? „Nei takk, ég hef engan áhuga á því. En við gleymum einu, aðalmálinu. Haustið 2000 var í fyrsta skipti kennd nútímafræði í fjarnámi á Ísafirði og ég fór í það.“

- Hvað er nútímafræði? „Það er bræðingur af húnámskum greinum. Saga, vísindasaga, heimspeki, enska, íslenska og fleira. Ég tók 20 einingar af 30, sleppti listasögunni og kynjafræði. Ég telst því varla fullgildur nútímafræðingur,“ segir Sigurður og hlær.

Ljóðamaður

Sigurður er mjög bókhneigður, á gott safn ljóðabóka og er þekktur fyrir að kasta fram snörpum kviðlingum þegar síst er von á. „Já, ég hef gaman af því að lesa ljóð og geri eitthvað af því að kveða. Ég veit nú eiginlega ekki hvaðan þetta kemur. En Björn bróðir fékkst eitthvað við þetta á árum áður. Og nú er sonur minn að byrja á þessu.“

- Hverskonar kveðskap býrðu til? „Þetta er bæði fyrir fullorða

og viðkvæma. Algjörlega allskonar. En ég les mikið af ljóðum. Mímir menn eru Jónas Hallgrímsson, Steinn Steinarr og Tómas.“

- Sem nútímafræðingur hefurðu frekar klassískan smekk á kveðskap. „Já, en þó ekki. Því ég man að þegar kennarnir voru að skilgreina hvað væri nútími töluðu þeir alltaf um að hann væri síðustu tíu þúsund ár,“ svarar Sigurður.

Bein leið

Þegar Sigurður er ekki sjálfur að kveða eða flytja lög eftir Megas á Vagninum styður hann við bakið á öðrum listamönnum. Átti til dæmis stóran þátt í að önnur platan KK kom út. „Það var nú þannig að félagi minn sem vann hér um tíma var allt í einu orðinn umboðsmaður KK. Þeir voru að reyna að fjármagna gerð næstu plötunnar hans og félagi minn bauð mér og Gubba að vera með. Leggja til pening svo hægt væri að koma KK í stúdíó og gefa út nýja plötu. Við slógum til og úr varð platan Bein leið. Hún varð mest selda platan þetta árið, fór í 13 þúsund eintökum og langt upp fyrir Bubba. Við fengum því peninginn til baka og vel það. Ég græddi því ágætlega á þessari fjárfestingu minni í tónlistarbransanum. Svo voru útgáfutönléikarnir auðvitað haldnir á Vagninum.“

Málbandasafn

Bílskúr Sigurðar gengur jafnan undir nafninu Skúrin með einu enni og þykir næsts kemmtilegasti staðurinn á Flateyri. Innan um borðtennisborð, píluspjald og skákbord má sjá safn málbanda sem hefur verið nostursamlega raðað upp á sérstaka hillu. „Ég hef safnað málböndum í 2-3 ár. Þetta fer að nálgast hundrað málbönd. Þetta byrjaði bara á því að maður fann aldrei neitt helvítis málband þegar maður þurfti á því að halda. Því ákvað ég að koma mér upp nokkrum málböndum og það hefur svo undið upp á sig.“

- Svona eins og málbönd gera? „Akkúrat.“

- Notarðu málband mikið? „Já, það er alveg merkilegt hvað maður þarf oft að grípa í málband. Í raun getur enginn lifað án þess að eiga málband. Upp á síðkastið hefur fólk svo byrjað að færa mér málbönd. Og nú er ég orðinn þannig að sjái ég skemmtilegt

málband verð ég að eignast það. Þetta er því bara rétt að byrja og á eftir að verða ansi myndarlegt safn,“ segir Sigurður og brosir.

Skákin

Blaðamaður hefur teflt við Sigurð á vikulegum skákvöldum Vagnsins í vetur og veit því að hann er mjög sterkur skákmaður. Skákstíl hans er kannski best lýst sem skapandi, hvössum og feyki lúmskum. Sigurður er þó aldrei hættulegri andstæðingur en þegar hann er í vondri stöðu því hann er sérstaklega góður í að gera sér mat úr engu. En telji hann sig vera með unnið tafl á hann til að byrja að raula og íða í sætinu. Hver kenndi honum að tefla? „Það voru bræður úr Keflavík sem heita Gísli og Siddi. Við vorum saman í héraðs-skólanum á Núpi. Þeir kveiktu hjá mér virkilegan áhuga en annars byrjaði ég frekar seint að tefla, var orðinn þrettán ára,“ segir Sigurður.

„Þegar ég var kennari hafði ég skák sem hluta af náminu og kenndi hana öll mín níu ár í grunnskólanum. En það voru oft haldin mót hér á Vestfjörðum sem maður tók þátt í. Ég hef líka teflt aðeins með Bolvíkingunum á mótum. Áður fyrr stúderaði ég reglulega skák, kynnti mér taktík og byrjanir en er hættur að nenna því. Í dag tefli ég svolítið á netinu. Og svo er annar sonur minn, Hannibal, byrjaður að tefla mikið og farinn að ná af mér einni og einni skák.“

Skúrin

Sigurður býður stundum til sérstakra kappleikja í Skúrinni. „Þá er farið í þríþraut. Fyrst er spilaður borðtennis en þegar menn eru orðnir af kenndir fyrir hann er farið í pílukast. Þegar svo menn eru orðnir of valtir fyrir það er sest niður að tafl. En þetta er bara stundum. Hér hittast menn oftast yfir kaffisopa til að ræða málin og fara með ljóð. Hér er mikið kveðið.“

Sigurður teygir sig í velkta ljóðabók uppi í hillu. „Þetta er eiginlega eftirlætis ljóðabókin mín og heitir Vísnaðver Daníels Ben. Ég fann hana á fornsölu en Daníel var ættaður úr Valþjófsdal í Öndarfirði. Hann orti um marga héðan, Einar Guðfinnsson, Guðmund refaskyttu og fleiri.“

Og Sigurður fer með ljóð úr bókinni:

und ár





Fellur kuldi flær og lýs,
fyr þó góð ég beri.
Kals við enda kúkur frýs,
kalt er í Faxaveri.

Grænhöfði

Í dag starfar Sigurður sem verkstjóri hjá Lotnu á Flateyri. Hvernig líst honum á stöðu bæjarins? „Hún lofar góðu. Menn eiga ekkert að vera að velta sér upp úr því sem liðið er. Það er auðvitað fínt að hafa tvö fyrirtæki í bænum, Lotnu og Arctic Odda. Lotna er aðallega í útgerð en líka í fiskvinnslu. Fyrirtækið gerir út grásleppubát og línubát og fiskurinn er unninn hér. Við fletjum þorskin og flökum steinbítinn, búum til saltfisk og flytjum hann til systurfyrirtækis Lotnu í Garði. Þar er hann unninn áfram og svo fluttur á erlendan markað. Á vegum Lotnu hér á Flateyri starfa nú sex manns í vinnslunni og ætli það séu ekki um 12 - 14 manns á þeim þremur bátum sem fyrirtækið gerir út héðan. Við erum því orðin um tuttugu og vonandi á bara eftir að fjölga meira,“ segir Sigurður.

„Meðfram þessu er ég í ferðahjónustu. Ég leigi út sex íbúðir til ferðamanna hérna í bænum. Og ég hef rekið kajakleiguna Grænhöfða í tólf ár. Hún er því elsta og virðulegasta kajakleigan á Íslandi. Meginuppistaðan hjá okkur hafa verið 2-3 tíma ferðir hér á Öndarfirði. En við bjóðum líka upp á að setja saman lengri ferðir ef fólk hefur áhuga á því. Ég finn fyrir meiri fyrirspurnum núna en undanfarin ár og á því von á aukningu í sumar. Það er bjart framundan,“ segir hinn káti Sigurður Hafberg að lokum. - *Huldar Breiðfjörð.*



Heiðursmennirnir heiðraðir í Ísafjarðarkirkju.

Ísfirskir söngfuglar heiðraðir

Karلاكórinn Ernir hélt á dögnum þrenna vortónleika á norðanverðum Vestfjörðum. Að sögn formanns kórsins, Þorsteins Jóhannessonar, heppnuðust þeir vel. „Annars væri nú betra að spyrja þá sem komu og hlýddu á okkur hvernig tókst til, en við erum að minnsta kosti í skýjunum með móttök-

urnar.“

Á síðustu tónleikunum sem fóru fram í Ísafjarðarkirkju voru sjö fyrrum félagar Karلاكórs Ísafjarðar heiðraðir.

„Karلاكór Ísafjarðar var stofnaður 5. maí 1922 og á því 90 ára afmæli um þessar mundir. Hann sameinaðist síðar Karلاكórnum Ægi í Bolungar-

vík og Karلاكór Þingeyrar og þessir þrjú kórar lifa því áfram í einum kór. Okkur datt í hug í tilefni af afmælinu að heiðra gamla söngféлага sem áttu það sameiginlegt að vera búsettir á Ísafirði orðrin áttæðir og hafa sungið í lengri eða skemmri tíma í Karلاكór Ísafjarðar,“

segir Þorsteinn.

Umræddir heiðursmenn eru þeir Sigurður Jónsson, Arnór Stígsson, Garðar Guðmundsson, Gunnlaugur Jónasson, Oddur Pétursson, Erling Sörensen og Gunnar Jónsson, en Margrét dóttir hans tók við viðurkenningunni í hans stað.

thelma@bb.is

„Jafna verður búsetumismunun“



Kristján Haraldsson orkubússtjóri.

„Raforkuverð er mjög svipað um land allt, en einna hagstæðast á Vestfjörðum. En þó að raforkuverðið sé einna lægst er orkukostnaður heimila og fyrirtækja hins vegar hærri á Vestfjörðum,“ segir Kristján Haraldsson, framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða. Vestfirðingar hafa ekki aðgang að ódýrari orkugjöfum en rafmagni til húshitunar og Kristján telur að stjórnvöld verði að koma til móts við Vestfirðinga og önnur svæði með því að jafna þessa búsetumismun.

Rafmagnsvandinn á Vestfjörðum er tvíþættur. Annars vegar ræðir um húshitunarkostnað og hins vegar er kostnaðarsamara að dreifa raforkunni í dreifbýli en í þéttbýli. Íbúar í dreifbýli greiða töluvert herra

verð fyrir dreifingu raforkunnar, þrátt fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Að mati Kristjáns er það réttlætismál og nauðsynleg aðgerð til styrkingar byggðar á Vestfjörðum að niðurgreiðslur ríkissjóðs verði auknar þannig að raforkuverð verði það sama í þéttbýli og dreifbýli.

„Ég hef alltaf haldið því fram að Orkubú Vestfjarða sé að koma rafmagni til viðskiptavina sinna á Vestfjörðum á mjög góðu verði, þrátt fyrir erfiðar aðstæður til dreifingar,“ segir Kristján. Vandinn sé hins vegar sá að orkukostnaðurinn verður mikill þegar rafmagn er notað til upphitunar, eins og raunin er á Vestfjörðum.

gudmundur@bb.is

Landsbankinn áætlað að fyrirtæki með samtals yfir 4000 starfsmenn fari í þrot.

Samkvæmt álitum Landsbankans til atvinnuveganefndar Alþingis á frumvörpum um fiskveiðistjórnunarkerfið.

Ein af fjölmörgum góðum ástæðum fyrir nauðsyn þess að eiga samráð við aðila í sjávarútvegi og vanda til verka við breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Kynntu þér málið.

Kynntu þér hvað fólk í landinu hefur að segja um frumvörpin:

landidogmidin.is



Þegar tunnan var sett á sinn stað á Ísafirði fyrir þremur árum.

Ísfirsk tunna á Dalvík

Endurvinnslutunna sem sett var upp við Samkaup á Ísafirði fyrir þremur árum var notuð sem fyrirmynd í tilraunaverkefni á tjaldsvæði Dalvíkurbyggðar. Verkefnið sem var styrkt af Ferðamálastofu að hluta kallast „fjölbreyttar endurvinnslutunnur á ferðamannasvæðum“ og heppnaðist vel.

„Von okkar er sú að þetta tilraunaverkefni muni hjálpa til við innleiðingu endur-

vinnslusöfnunarstöðva á sem flestum stöðum um allt Ísland. Eins og sést er vel hægt að nota staðbundnar auðlindir og hafa ruslafötur framleiddar staðbundið á Íslandi,“ segir í fréttatilkynningu vegna verkefnisins.

Leitað var m.a. til Ralf Trylla hjá Ísafjarðarbæ við vinnsluverkefnisins og segir hann þetta vera mjög spennandi hjá Dalvíkingum.

thelma@bb.is



Martha Ernstsóttir.

Riddarar Rósu taka fram sumarskóna

Sumardagskrá hlaupa- og hreytistöpsins Riddara Rósu á Ísafirði er hafin. Æfingar verða í sumar á þriðjudögum og fimmtu-

dögum kl. 18.15 og á laugardögum kl. 9.30 og hefjast þær við íþróttahúsið.

Hópnun er skipt í þrennt, þ.e. byrjendur, lengra komna

og vana hlaupara, þannig að allir fá æfingar við sitt hæfi. Þjálfari Riddaranna er Martha Ernstsóttir.



+ betra pláss

Lyfja hefur nú stækkað og endurbætt verslun sína á Ísafirði. Af því tilefni bjóðum við gestum og gangandi að koma við hjá okkur fimmtudaginn 10. maí, skoða glæsilega verslun og þiggja léttar veitingar.

Heilsaðu upp á okkur og kynntu þér freistandi tilboð og spennandi nýjungar. Við hlökkum til að sjá þig.

25% afsláttur

SOLARAY
Bætiefni, hrein og náttúruleg, engin óæskileg aukefni.



+ Gildir 10.-19. maí 2012.

20% afsláttur

NÁTTÚRULEG SLÖKUN
Krampar, sinadráttur, svefnleysi eða hormóna-ójafnvægi? Betri slökun á meðan þú sefur.



+ Gildir 10.-19. maí 2012.

20% afsláttur

NUTRILENK GOLD
Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðina. Hentar fólki sem þjáist af sliti og verkjum í liðamótum.



+ Gildir 10.-19. maí 2012.

20% afsláttur og vandaður hárbursti í kaupbæti.

HENNA
Náttúrulegir háralitir án parabena.



+ Gildir 10.-19. maí 2012.

25% afsláttur af Heelen fótavörum.

HEELN
Hælsærisvörn sem virkar Engar blöður Ekkert lím Ekkert klístur Hægt að nota aftur og aftur



+ Gildir 10.-19. maí 2012.

20% afsláttur af Maybelline förðunavörum.

MAYBELLINE NEW YORK

Sérfræðingar frá Maybelline og L'Oréal verða með ráðgjöf og kynningu föstudaginn 11.maí.

+ Gildir 10.-19. maí 2012.

20% afsláttur af öllum Oroblu sokkabuxum.



+ Gildir 10.-19. maí 2012.

Tilboð á: AVRIL LAVIGNE

Christina Aguilera

NAOMI CAMPBELL

Tilboðið inniheldur
Ilmvatn 50 ml spreji og
Body Lotion 150 ml.

Verð frá:
5.995 kr.
~~8.290 kr.~~

+ Gildir 10.-19. maí 2012.

MÆÐRA DAGURINN

sunnudaginn 13. maí

Mæðradags
vöndurinn
2.990 kr.

1.000 kr.
renna til
mæðrastyrks-
nefndar

Snædrífa
999 kr.

Ástareldur
999 kr.

Risasýpris
3.990 kr.

STJÚPU
SPRENGJA
10 stk.
999 kr.
20 stk.
1.699 kr.
30 stk.
2.499 kr.

Blómaval og íslenskir
blómabændur styrkja
Menntunarsjóð
Mæðrastyrksnefndar sem
hefur það takmark að
styrkja tekjulágar konur
til menntunar.

Opið á mæðradaginn
sunnudaginn 13 maí kl. 11:00-15:00


blómaval
heillandi heimur
Fitjum 2 - Sími: 421 8800

Vill innkalla allan kvóta og bjóða út

„Það eina sem ég sé jákvætt í þessum frumvörpum er að afmörkun eignarréttar getur hugsanlega verið grundvöllur þess að brjóta út úr kvótakerfinu, þó svo að eignarrétturinn sem ríkisstjórn-

in leggur til sé alltof mikill og langur í tíma,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ, um frumvörp ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða. Að

öðru leyti segir hann áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnunarfavitlaus.

Gísli segir að ef hann fengi að ráða myndi hann innkalla allan kvóta strax og deila honum út

með uppboðum. Yfirlýstur eignarréttur núverandi kvótahafa sé ólöglegur og því komi hann ekki í veg fyrir innköllun. Hann telur að réttast væri að bjóða út kvóta til eins til þriggja ára í senn.

„Útboð yrðu þá eiga sér stað í hverri viku. Það myndi stuðla að eðlilegri verðmyndun. Annars gæti einhver komið og keypt upp mikinn kvóta, sett allt batteríð á hausinn og skipt svo um kennitölu.“

Málin dýru

Stakkur skrifar >

Mikið hefur gengið á undanfarið hérlendis. Evrópusambandið sem öllu átti að bjarga hefur nú gengið til liðs við þá sem vildu ofurselja íslenska alþýðu yfirstjórnvöldum í Brussel. Allir stjórnmálamenn segjast vilja að Ísland rísi. Því verður ekki haldið fram hér að þeir reyni ekki sitt besta. Stundum er þeirra besta engan veginn nógu gott. Betur þarf að gera og fróðlegt er að fylgjast með því þegar forstjóri Landsvirkjunar, sem skipaður var af núverandi ríkisstjórn, telur að fyrirtækið geti gert betur með nýjum virkjunum. Leynist þar ef til vill eins konar gagnrýni á virkjanastefnu ríkisstjórnar og Alþingis, sem er rétt nefnd biðstefna. Allt skal sett í bið svo ekki þurfi að taka ákvarðanir um neitt nema inngöngu í Evrópusambandið.

Einkar athyglisvert er að fylgjast með því hvernig sumir ráðherrar geta snúist í hringi í málflutningi sínum eftir því hvernig austanvindurinn frá Brussel blæs. Mál er snýst um samningaviðræður við Evrópusambandið verður enn dýrara þegar sambandið tekur afstöðu á móti þjóðarvilja Íslendinga. Sú afstaða verður ekki skilin á neinn annan veg en þann að innganga okkar sé ekki æskileg og nú sé leitað leiða til að ljúka samningferlinu með þeim hætti að neyða Íslendinga til að hætta við. Drengilegt er það ekki nema síður sé. En málið er orðið okkur dýrt.

Stjórnmálamenn sem vildu semja um stórar og miklar greiðslur fyrir Icesave fagna því sumir mjög, eftir því sem best verður séð, að nú sé Evrópusambandið beggja megin við borðið, vilji hirða af

okkur makrílkvóta og standa í dómsmáli við þjóð sem þeir vilja að komi inn í hlýju sambandsins í Brussel á þeim nótum að íslensk stjórnvöld hlýði því sem þeim er sagt. Ýmsar spurningar vakna. Vita ráðandi öfl í íslensku stjórnmalalífi hvað þau eru að gera í þessum efnunum? Er skilningur á hugtakinu fullveldi réttur? Vilja íslenskir stjórnmálamenn afsala því að hluta? Hvert er markmiðið?

Mörgum, sennilega meirihluta Íslendinga er það ekki lengur ljóst. Tæpast beygja Vinstri grænir sig svo í duftið að þeir samþykki afsal á fiski í sjónum. En þetta er dýrt mál, sem tæpast verður verðlagt. Fernu hefur verið nefnt, andstaða gegn virkjunum, sem bitnar á Vestfirðingum vegna þess að Hvalsárvirkjun er í bið, dómsmál ESB gegn Íslandi, makríldeilan og inngangan. Þessi eru þjóðinni dýr mál. Sennilega hafa margir þeir sem vilja inngöngu velt vöngum yfir því hvað þeir vilja Íslandi í raun. Ekki eru nema 68 ár tæp síðan Ísland sagði skilið við danskt konungsvald og enn ekki öld frá sjálfstæði. Hafa vaxandi kynslóðir ekki skilning á þeirri frelsisbaráttu sem þorskastríðið var?

Aðeins hefur verið lagt verðmat á eitt mál forsætisráðherra. Úr því drakk hún. Það seldist á 106 þúsund krónur. Hvað kosta önnur mál sama ráðherra? Sumu fólki líður svo þegar það sér kjörseðla að það sé stutt við grænmetisborð í stórmarkaði og grænmetið orðið rotíð og fúlt.

Stjórnmálamenn sem vildu semja um stórar og miklar greiðslur fyrir Icesave fagna því sumir mjög, eftir því sem best verður séð, að nú sé Evrópusambandið beggja megin við borðið, vilji hirða af



Útskriftarhópurinn. Mynd: frmst.is.

Landnemar brautskráðir á Flateyri

Vænn hópur var fyrir nokkru brautskráður úr Landnemaskólanum á Flateyri, en námið hófst í febrúar. Landnemaskólinn er 120 kennslustunda námskeið ætlað fólki með annað móturmál en íslensku og námsefnið er íslenska, samfélagsfræði, sjálfsstyrking og tölvufærni. Námið var sett upp fyrir atvinnulausa og voru nemendur í upphafi fimmtán en þeim fækkaði á tímabilinu þar sem sumir fengu vinnu.

Kennarar voru Heiðrún Tryggvadóttir og Dagný Arnalds. Undir lok námskeiðsins

fóru nemendurnir í ferð að Vöðlum í Öndarfirði þar sem þeir skoðuðu róbótafjós og þágu veitingar af húsráðendum undir harmonikuleik húsbóndans.

Prestssetrið að Holti var einnig heimsótt, kirkjan skoðuð, hlustað á fróðleik um staðinn og snædd fiskisúpa sem sóknarpresturinn eldaði.

Einn liður í námskeiðinu var heimsókn í Grunnskólann á Flateyri þar sem þátttakendurnir kenndu börnunum pólska barnaleiki.

thelma@bb.is



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, vegna kjörs forseta Íslands sem fram fer laugardaginn 30. júní 2012, er hafin hjá sýslumanninum á Ísafirði.

Atkvæðagreiðslan fer fram á skrifstofu embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, alla virka daga fram að kjördegi milli kl. 9 og 15:30.

Nánari upplýsingar á www.syslumenn.is/syslumadurinn/Isafirdi/

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Ósáttur við tillögu um erlenda leikmenn

Sævar Óskarsson, formaður KFÍ, er ósáttur við breytingartillögu sem lögð var fram á formannafundi KKÍ fyrir skömmu, þess efnis að tekin verði upp svokölluð 3+2- regla í Iceland-Express deild karla. Í henni felst að einungis tveir leikmenn með erlent ríkisfang megi vera inni á vellinum í einu. Sævar segir að hér séu það hagsmunir Reykjavíkurlíðanna sem ráði för.

„Við skiljum í raun ekki af hverju önnur félög eru að skipta sér af því hvernig við rekum okkar félag. Stór partur af því fólki sem starfar og iðkar sína íþrótt hjá KFÍ eru erlendir ríkisborgarar og okkur finnst ógeðfellt þegar verið er að færa hagsmunir íþróttafélaga í Reykjavík, sem hafa úr ógrynni íslenskra leikmanna úr að velja, yfir á okkur,“ segir Sævar.



Sævar Óskarsson.

Vestfjarðamyndir Hjálmars R. Bárðarsonar



Hjálmar R. Bárðarson.

Ljósmyndasýningin *Vestfirðir – Hjálmar R. Bárðarson* var opnuð í Safnahúsinu á Ísafirði í síðustu viku, en þar að finna ljósmyndir Hjálmars frá Vestfjörðum frá tímabilinu 1932 til 1980.

Hjálmar R. Bárðarson fæddist á Ísafirði og ferðaðist mikið um Vestfirði alla sína tíð. Myndirnar sem núna eru til sýnis á Ísafirði eru mjög fjölbreyttar, bæði mannlífsmyndir og náttúrulífsmyndir.



Mynd Hjálmars úr Haukadale.

Sýningin verður í Safnahúsinu til 9. júní. Húsið er opið virka daga kl. 13-18 og laugardaga kl. 13-16.

gudmundur@bb.is

Sælkeri vikunnar er Sigrún Viggósdóttir á Ísafirði

Ofnbökuð ýsa í karrísósu

„Þessi réttur er komin frá frændum okkar í Noregi og hefur landanum líkað hann vel og þar sem við Ísfirðingar erum komnir með þessa líka glæsilegu fiskbúð er þessi uppskrift vel við hæfi. Verði ykkur að góðu.“

Ofnbökuð ýsa í karrísósu

50 g smjör
2 laukar fínt saxaðir

1 rif hvítlaukur fínt saxaður
1 epli skrælt og skorið í bita
1 – 1 ½ teskeið karrí
1 teskeið hveiti
3 desilítrar kjúklingakraftur
1 dós skrældir tómatar í bitum
2 teskeiðar tómatkraftur
1 teskeið sítrónusafi
1 teskeið engifer

Fiskurinn settur í eldfast mót.
Smjör brætt í potti, laukurinn

settur út í látin krauma í 3 mín. eplum bætt út í og soðin í 2 mín. Karrý og hveiti hrært saman og stráð yfir, hrært vel og soðið í 2 mín. Rest sett út í hrært og soðið smá stund. Hellt yfir fiskinn blandað vel saman. Bakað í ½ tíma við 160 gráður. Salat og soðin hrísgrjón sem meðlæti jafnvel heitt hvítlauksbrauð.

Ég skora á Jónas Tómasson að koma með uppskrift í næsta blað.



Vorsýning á Vestfjörðum



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Land Cruiser 200



Land Cruiser 150



Auris Hybrid



RAV4



Avensis



Prius



Yaris



Lexus CT 200h



Lexus RX 450h

Laugardaginn 12. maí verður haldin stórsýning á bílum frá Toyota og Lexus í Bílatanga á Ísafirði. Komdu og reynsluaktu vinsælustu bílunum okkar en þar á meðal eru Yaris, Avensis, Land Cruiser 150 og Lexus CT 200h.

Opið frá kl. 11.00 -17.00

Toyota Kópavogi

Nýbýlavegi 4

Sími: 570-5070

www.toyotakopavogi.is